



Hellu 4. mars 2003.

**Samgöngunefnd Alþingis**  
**Alþingi**  
**v/Austurvöll**  
**150 Reykjavík.**

Efni: Athugasemdir við tillögur að þingsályktunum um samgönguáætlanir fyrir árin 2003 - 2006 og 2003 - 2014.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra samþykkti tillögu samgöngunefndar sveitarfélagsins um að gera eftirfarandi athugasemdir við tillögur að þingsályktunum um samgönguáætlanir fyrir árin 2003 - 2006 og 2003 - 2014:

**"Samgöngunefnd Rangárþings ytra samþykkir eftirfarandi athugasemdir vegna þingsályktunartillagna um sömgönguáætlun, til fjögurra ára annars vegar og 12 ára hins vegar:**


- Nauðsynlegt er að bæta hlut Suðurlands hvað varðar fjárframlög til samgöngumála og færa í takt við raunveruleikann, en fjárframlög eru ekki í takt við vegalengdir og umferðapunga vegakerfisins á Suðurlandi
- Nauðsynlegt er að auka hlut tengivega í heildarfjárframlögum til samgöngumála. Suðurland hefur afar mikla sérstöðu hvað varðar fjölda og lengd tengivega. Það verður að líta sérstaklega til þess, ekki síður en jarðgangnagerð og hafnargerð í öðrum landshlutum, sbr. fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu um samgönguáætlun.
- Færsla Suðurlandsvegur um Hellu vantar inn á áætlun, svo og áætlun um uppsetningu hringtorga við Hellu sbr. fyrirbyggjandi drög að deiliskipulagi þjónustukjarna á Hellu. 30 milljónir voru ætlaðar til framkvæmda árið 2002. Ekki hefur ennþá verið hafist handa við þessa framkvæmd, en þung áhersla er lögð á það að heildarfjármögnun þessa verkefnis komist inn á vegaaætlun fyrir árin 2003 – 2006.
- Mikilvægt er að verja auknum fjármunum til umferðaröryggismála innan sveitarfélagsins. Um er að ræða m.a. Landvegamót, gatnamót Þykkvabæjarvegur og Suðurlandsvegur og gatnamót Gunnarsholtsvegur og Suðurlandsvegur. Nauðsynlegt er að framlengja lýsingu Suðurlandsvegur frá vesturenda brúar við Ytri-Rangá að gatnamótum Þykkvabæjarvegur. Einnig er nauðsynlegt að koma upp lýsingu við Landvegamót og gatnamót Gunnarsholtsvegur og Suðurlandsvegur.
- Líta þarf sérstaklega til skilgreiningar á umferðarþungum vegum sveitarfélagsins, s.s. Landvegur (26), Þykkvabæjarvegur (25) og Rangárvallavegur (264), en þessir vegir eru flokkaðir sem tengivegir en ættu eðlilega að vera flokkaðir sem stofnvegir innan grunnnets. Í Rangárþingi ytra voru 1.442 íbúar 1. desember sl. og gegna þessir vegir lykilhlutverki, félags- og atvinnulega, í tengingu byggðarlagsins bæði innbyrðis og við önnur byggðarlög. Einnig má benda á að þessir fyrrnefndu vegir hafa einnig mikla árstíðabundna umferð þar sem þeir eru afar fjölfarnar ferðamannaleiðir og tengja grunnnetið við marga af þyngstu ferðamannastöðum landsins.
- Lagt er til að eftirtaldir tengivegir verði skilgreindir sem tengivegir í grunnneti: Árbæjarvegur (271), Ásvegur (275), Bjallavegur (272), Hagabraut (286), Oddavegur (266) og Þingskálavegur (268).

- Bent er að fjölfarnir vegir að einum vinsælustu ferðamannastöðum hálendisins eru ekki á landsvegaskrá Vegagerðarinnar. Hér er átt við Hekluveg eystri sem tengir saman Fjallabaksleið syðri og nyrðri um Skjólkvíar og veg að Veidivötnum af Sprengisandsleið.
- Óskað er eftir að Þrúðvangur á Hellu verði flokkaður sem stofn- eða tengivegur innan grunnnets þar sem enginn vegtenging er frá vegakerfi Vegagerðarinnar að Helluvaðsvegi. Þetta svipar að mörgu leyti til Kirkjubæjarvegur ef dæmi skal taka.
- Afar brýnt er að byggð verði brú yfir Þverá með tilheyrandi vegtengingum til þess að tengja byggðina sunnan Þverár við þjónustukjarna sveitarfélagsins á Hellu.
- Mikil nauðsyn er á því að fá inn á áætlun uppbyggingu vegar á milli Háfs og Sandhólaferju. Þessi vegtenging myndi hafa mikil hagræðingaráhrif varðandi þjónustu sveitarfélagsins við íbúa svæðisins svo og mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna.
- Sveitarstjórn Rangárpings ytra vill leggja þunga áherslu á mikilvægi nýrra brúa sem gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi drögum að aðalskipulagi sveitarfélagsins, sem er á lokastigi fyrir staðfestingu Skipulagsstofnunar. Um er að ræða annarsvegar brú yfir Ytri-Rangá á móts við Hrólfstaðahelli og hins vegar brú yfir Þjórsá á móts við Þjórsárholt. Þessar nýju vegtengingar myndu tengja saman og efla sem eitt atvinnusvæði uppsveitir Árnessýslu, Landsveitina, Holtin og Rangárvellina.

Samþykkt samhljóða að senda ályktunina til samgöngunefndar Alþingis."

Framangreindum athugasemdum er hér með komið á framfæri við samgöngunefnd Alþingis og vonast er til þess að nefndin taki þær til alvarlegrar athugunar fyrir afgreiðslu á tillögnum.

Virðingarfyllt,  
f.h. hreppsnefndar Rangárpings ytra,

  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri.

Afrit: Þingmenn Suðurkjördæmis.  
Vegagerðin, Selfossi.